

11. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og leiðslum.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Flúðahverfis og nágrennis í Hrunamannahreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar er fyrirtæki, sem Reyðarfjarðarhreppur er eigandi að, og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila, hafnarinnar og fyrirtækja á Reyðarfirði. Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu Vatnsveita Reyðarfjarðar.

2. gr.

Vatnsveita Reyðarfjarðar hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, innan löggildingar kaupþínsins.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd séu þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Reyðarfjarðar, skal senda vatnsveitunefnd umsókn þar um. Umsókn þessi skal vera skrifleg, og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.

5. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum veitunnar, nema að fengnu leyfi vatnsveitunefndar og eftir fyrirmælum hennar, bæði um efni og tilhögun verksins. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, komi leki að þeim.

6. gr.

Vatnsveitunefnd eða mönnum í umboði hennar er heimilt að fara um hús og lóðir, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlit með vatnsnotkun, enda komi þar til fullar bætur ef um skemmdir verði að ræða. Þyki útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust láta bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að láta gera það á kostnað húseiganda. Enn fremur er vatnsveitunefnd heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á leiðslum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða standa í vanskilum við vatnsveituna. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

7. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki ef rök mæla með því, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, sé ekki önnur úrlausn fyrir hendi, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Af öllum húsum í Reyðarfjarðarkauptúni, sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 10 pro mille — tíu af þúsundi — af fasteignamati húsanna, þó aldrei minna en kr. 300.00 — þrjú hundruð krónur —, fyrir einbýlishús, kr. 500.00 — fimm hundruð krónur —, fyrir tvíbýlishús og kr. 200.00 — tvö hundruð krónur — fyrir íbúð í fjölbýlishúsi.

Einnig skal greiða vatnsskatt af öllum húsum, sem liggja að aðalæðum vatnsveitunnar, enda þótt þau noti ekki vatn frá vatnsveitunni.

9. gr.

Af húsum þeim, sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnóttunar, svo sem: verksmiðjur, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, gistihús, frystihús o. fl., skal greiða aukavatnsskatt, er nemi 20 pro mille — tuttugu af þúsundi — af fasteignamati húsanna, ef vatn er ekki selt eftir mæli samkvæmt 10. gr.

10. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum eða einstaklingum, sem nota mikið vatn og skal þá greiða kr. 1.00 — eina krónu — fyrir hvern teningsmetra vatns, auk þess vatnsskatt, sem um er getið í 8. gr. Vatnsveitunefnd sér um útvegum mælanna og uppsetningu þeirra, en vatnsnotandi skal greiða árlega mælaleigu að fjárhæð kr. 200.00 — tvö hundruð krónur.

11. gr.

Sé vatn ekki selt eftir mæli samkv. 10. gr., er heimilt að innheimta aukavatnsskatt svo sem hér segir: Af hverri tunnu uppsaltaðrar sildar kr. 0.75, af hverju máli

(síld) sem lagt er upp til bræðslu kr. 0.30, af hverri smálest af frystum, landbúnaðar- og fiskafurðum kr. 10.00, af hverri smálest af saltfiski kr. 2.00, af hverri kind, sem slátrað er kr. 0.30, af hverjum stórgrip, sem slátrað er kr. 0.50.

12. gr.

Ef selt er vatn til skipa, skal söluverð vera kr. 12.00 — tólf krónur — fyrir hvern teningsmetra, en minnsta gjald skal þó vera kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir fiskiskip, en kr. 100.00 — eitt hundrað krónur — fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að hafnarsjóður Reyðarfjarðar greiði vatnsveitunni eftir mæli eða ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

13. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

14. gr.

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50 — fimmtíu af hundraði —, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

15. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikingshaldið, innheimtu og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júlí ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningaveði og aðfararveði, án tillits til eigenda-skipta.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —, nemi þyngri refsing liggja við að lögum. Sektarfé rennur í vatnsveitusjóð. Valdi nokkur skemmdum á veitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júlí 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.